

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um gjalddaga útflutningsgjalds.* 156
 — Ráðgjafinn hefir fengið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 20. maí. þ. 17. júlí. á. og hafið þjer í því látið álit yðar í ljósi um kvörtun, er fram er komin frá P. C. Knudtson & Søn um, að bæjarfógetinn í Reykjavík hafi heimt af þeim útflutningsgjald samkvæmt lögum 4. nóv. 1881 af nokkru af fiski og hrognum, sem í lok síðasta árs var á Hafnarfirði flutt í skipið «Ane Kjerstine», og var það afgreitt til Spánar 20. desbr. f. á., en fór svo frá Hafnarfirði til Reykjavíkur og bætti þar við farm sinn og hjelt svo þaðan til útlanda í öndverðum janúarmán. þ. á. Um þetta efni lætur ráðgjafinn eigi hjá líða, að tjá yður það, er hjer greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Með því að lögin 4. nóv. f. á. náðu fyrst gildi við byrjun þessa árs, verður það að vera komið undir skilningnum á ákvörðun 3. greinar laganna um innheimtu-tíma tollsins, hvort upphæð sú, er hjer ræðir um, hafi rjettilega heimt verið eða ekki. Þjer hafið nú í þessu efni látið þá skoðun í ljósi, að ávalt beri að heimta tollinn af allri hleðslu *verzlunarskipa*, sem taka farm sinn í fleiru en einu lögsagnarumdæmi, um leið og skipið er afgreitt frá þeim stað, er það síðast kemur við á Íslandi. Að þessi væri reglan, lá nú að vísu í frumvarpi því, sem fyrir alþingi var lagt, eptir því sem það var orðað, enda virðist það í sjálfu sjer að vera hagfeldast og eðlilegast. En ráðgjafinn verður að álíta, að þessi regla geti eigi samþýðzt við tjeða lagagrein, eins og hún nú er orðuð, eptir að alþingi breytti henni, er það fjallaði um málið. Því að þótt alþingi kunni að eins að hafa haft fiskiskip þau fyrir augum, sem síðasta málsgrein 1. gr. laganna hljóðar um, þá hlýtur þessi (3.) gr. einnig að ná til verzlunarskipa, sem fermd eru tollskyldum vörum, sem út á að flytja, því ella vantaði í lögin ákvörðun um tollgreiðslu slíkra skipa. Við þetta boetist nú, að orðin «höfn, sem það (skipið) leggur af stað frá», sem í stjórnarfrumvarpinu var haft um höfn þá, er skipið lagði af stað frá *til útlanda*, verður í lögunum að eins skilið um höfn þá, er skipið leggur af stað frá, *hvort heldur* er til annara lögsagnarumdæma í Íslandi eða til útlanda, og verður auðvitað skilningurinn hinn sami, hvort sem talað er um verzlunarskip eða fiskiskip, og því verður, að álitu ráðgjafans, að skilja ákvörðun þá, sem hjer er um að ræða, þannig, að tollinn beri að greiða í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig af þeim fiski o. fl., sem þar er í það látinn og til útflutnings er ætlaður, án tillits til, hvort skip það, sem flytur hann út, er verzlunarskip, sem tekur við farmi í fleirum lögsagnarumdæmum en einu, eða fiskiskip, er rekur veiðar í fleiri lögsagnarumdæmum en einu. Það verður heldur eigi betur sjeð, en að ástæða sú, sem í hlutaðeigandi nefndarálitu er færð fyrir breyting þeirri, sem gjörð var á 3. grein stjórnarfrumvarpsins, nefnilega tryggingarauki á eptirlitinu með rjetttri tollgreiðslu, eigi eins vel heima um verzlunarskip sem um önnur skip, með því að þau geta, eigi síður en fiskiskipin, þótt láta afgreiða sig til innlendrar hafnar, og þó farið beint til útlanda.

Af þessu leiðir, að álitu ráðgjafans, að eigi hefir heimild til verið að krefja P. C. Knudtson & Søn um útflutningstoll af vörum þeim, sem fluttar voru um borð í Hafnarfirði áður en útflutningslögin náðu gildi; en aptur ber að greiða spítalagjald af fiski þessum, sjá lög 4. nóv. 1881, 9. gr., sbr. við bráðabirgðalög 16. febr. þ. á. og hefir því ráðstöfun verið til þess gjörð, að 119 króna 15 aura upphæð sú, sem verzlunarhúsið greiddi með skilyrði af fiski þessum, verði endurgoldin því úr aðalfjárbirzlunni.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um lán til að afstýra hallæri.* 157
 17. dag ágúst. 1882. 18. júlí.